



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 10. júní 2020
SFS2020060020
186. fundur
HG/ggg

MINNISBLAÐ

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að tryggja foreldrum barna lækku, niðurfellingu eða leiðréttingu gjalda vegna skerðingar vegna COVID-19.

Meðfylgjandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks sem lögð var fram á fundi borgarráðs þann 14. maí 2020 og var send skóla- og frístundaráði til meðferðar.

Borgarráð samþykkir að tryggja foreldrum barna á sjálfstætt starfandi leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum þau úrræði sem borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. mars 2020 að tryggja heimilum í borginni. Vísað er til liðar 1(a) í aðgerðarpakka borgarráðs í efnahagsmálum vegna COVID19, þar sem samþykkt var að lækka, fella niður eða leiðrétta gjöld til heimilanna vegna skerðingar þjónustu yfir samkomubann. Þannig verði tryggt að Reykjavíkurborg mæti foreldrum barna í öllum leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum borgarinnar, með sama hætti vegna skertrar þjónustu yfir samkomubann, óháð því hvort börnin sæki borgarreknar eða sjálfstætt starfandi einingar. Borgarráð gæti þannig að jafnræði milli heimilanna í borginni hvað úrræðið varðar.

Á fundi borgarráðs þann 28. maí 2020 var lögð fram og samþykkt tillaga borgarstjóra, dags. 26. maí 2020, varðandi viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna lækkaðrar gjaldtöku af völdum COVID-19. Greinargerð fylgir tillögunni. Tillagan er meðfylgjandi.



Borgarráð

Tillaga um viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna lækkaðrar gjaldtöku þeirra af foreldrum reykvískra barna af völdum Covid-19

Samþykkt er að veita viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila vegna lækkaðrar gjaldtöku þeirra af foreldrum reykvískra barna af völdum Covid-19. Viðbótarframlag Reykjavíkurborgar felur í sér hlutfallslega greiðsluþátttöku í vistunargjaldi foreldra að undanskyldu fæðisgjaldi út frá afsláttum til foreldra vegna skertrar nýtingar vegna áhrifa Covid-19. Viðbótarframlag vegna skertrar nýtingar miðar hlutfallslega við vistunargjald skv. gjaldskrá leikskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar.

Skilyrði viðbótarframlags eru eftirfarandi:

- Sækja ber um aukið framlag til skóla- og frístundasviðs fyrir 15. júní 2020.
- Hægt er að óska eftir hlutfallslegu viðbótarframlagi vegna afslátta af völdum skertrar nýtingar/þjónustu á tímabilinu 16. mars til 30. apríl 2020.
- Greitt er viðbótarframlag vegna reykvískra barna (barna með lögheimili í Reykjavík) sem greitt er framlag vegna til sjálfstætt rekens leikskóla í Reykjavík og utan.
- Greitt er viðbótarframlag vegna reykvískra barna (barna með lögheimili í Reykjavík) sem greitt er framlag vegna til frístundaheimilis sem rekið er við sjálfstætt rekinn grunnskóla í Reykjavík.
- Viðbótarframlag miðast hlutfallslega við afslætti til foreldra út frá skertri nýtingu/þjónustu samkvæmt gjaldskrá leikskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar.
- Ekki er greitt viðbótarframlag vegna fæðisgjalda.
- Viðbótarframlag byggt á gjaldskrá leikskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar er greitt vegna hlutfallslegra afslátta til foreldra af vistunargjaldi í þeim tilvikum sem foreldrar gátu ekki nýtt þjónustuna vegna sóttkvíar eða veikinda barnsins. Sama gildir ef foreldrar kusu að nýta sér ekki þjónustu, með vísan til tilmæla yfirvalda um að foreldrar og forsjáraðilar haldi börnum sínum heima ef kostur er.
- Viðbótarframlag byggt á gjaldskrá leikskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar er greitt vegna hlutfallslegra afslátta til foreldra af vistunargjaldi í þeim tilvikum sem þjónusta féll niður eða skertist vegna, samkomubanns, veikinda, sóttkvíar og/eða starfsfólks.
- Þeir leikskólar sem innheimt hafa fullt gjald af foreldrum þrátt fyrir skerðingar sem leiddu af Covid-19 þurfa að endurgreiða foreldrum samsvarandi fjárhæð og þeir fá í gegnum viðbótarframlag frá Reykjavíkurborg.

- Viðbótarframlag er ekki greitt nema ljóst sé að foreldrar hafi fengið/fái samsvarandi leiðréttingu.
- Með umsókn þarf að fylgja nákvæmt yfirlit þar sem fram kemur með hvaða hætti þjónusta var ekki nýtt eða hún skert gagnvart reykvískum börnum og að hvaða leyti afslættir voru veittir.
- Staðfest verði að aðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna afleiðinga Covid-19 bæti ekki og hafi ekki bætt skerðingu.

Sviðsstjóra er falin nánari útfærsla umsóknar og greiðslu viðbótarframlags er tryggt réttmæti greiðslu.

Greinargerð

Í ljósi sérstöðu sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila og að teknu tilliti til þeirra fordæmalausis aðstæðna sem uppi voru af völdum Covid-19 er lagt til að tekin verði ákvörðun um viðbótarframlag til sjálfstætt rekinna leikskóla og frístundaheimila.

Fjárhagsleg áhrif

Sjálfstætt reknir leikskólar

Skóla- og frístundasvið greiðir framlag til 26 sjálfstætt rekinna leikskóla og var greitt framlag vegna 1.216 barna í apríl, þar af til 5 sjálfstætt rekinna leikskóla utan Reykjavíkur með 37 börn.

Skóla- og frístundasvið hefur greitt öllum sjálfstætt reknunum leikskólum framlag á þessum tíma eins og um fulla þjónustu væri að ræða.

Hjá leikskólum borgarinnar hafa foreldrar greitt samkvæmt þeim tíma sem börnin eru í leikskólanum, t.d. hafi barn sem var í fullri vistun farið í 50% vistun þá greiða foreldrar 50% gjald og því veittur afsláttur af gjaldinu.

Mat á því tekjutapi sem sjálfstætt reknir leikskólar verða fyrir tekur til tímabilsins frá miðjum mars til 4. maí sl., eða um einn og hálfur mánuður sem fyrirmæli um takmarkanir í skólahaldi tóku til.

Sé miðað við gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir 8 tíma vistun (flokkur 1, giftir foreldrar, sambúðarfólk, annað foreldri í námi) þá er vistunargjald kr. 15.256 og fæðisgjald kr. 11.360, samtals kr. 26.616 á mánuði.

Ef miðað er við 50% þjónustu í einn og hálfan mánuð og miðað við vistunargjald vegna leikskóla Reykjavíkurborgar að undanskyldu fæðisgjaldi má gera ráð fyrir kostnaði að fjárhæð kr. 17.200.000.-

Frístundaheimili sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík

Skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna 294 barna í þremur frístundaheimilum sem rekin eru við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík. Ekki er greitt framlag til annarra sveitarfélaga eða sjálfstætt rekinna grunnskóla utan Reykjavíkur og ekki gert ráð fyrir viðbótarframlagi til þessara aðila.

Miðað við sömu forsendur og gagnvart sjálfstætt reknum leikskólum, 50% þjónusta í 1,5 mánuð, að undanskyldu gjaldi vegna hressingar, skv. gjaldskrá Reykjavíkurborgar vegna frístundaheimila borgarinnar má gera ráð fyrir kostnaði að fjárhæð kr. 3.120.075.-

Ekki er gert ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna ársins 2020.

Dagur B. Eggertsson